

Afl og Orka ehf.
Erla Björk Þorgeirsdóttir

Garðabær, 20. nóvember 2024
Málsnúmer: 202411-0014
IAS

Efni: Seljaárvirkjun - Kaldrananeshreppi

Við er í erindi frá Afli og Orku ehf. þar sem óskað er eftir ábendingum um þá þætti sem vert er að hafa í huga við undirbúning, hönnun og framkvæmd byggingar á fyrirhugaðri Seljaárvirkjun.

„Seljaá rennur ofan af Trékyllisheiði niður í dal í landi Bólstaðar og sameinast þar öðrum ám sem mynda Selá, sem rennur til sjávar við Selárodda í Steingrímsfirði. Rannsóknarsvæðið er allt í landi Bólstaðar sem er með landnúmer 141746 og er ætlunin að skoða næsta nágrenni árinna alla leið upp á heiðina þar sem finna má tjarnir sem ekki er hægt að sjá að hafi nein nöfn. [...] Fátt er vitað um verkefnið og því er fátt hægt að fullyrða um útfærslu virkjunar á þessu stigi máls.“

Náttúrufræðistofnun bendir á að samkvæmt kortasjá stofnunarinnar: (<https://serstokvernd.ni.is/>) er á heiðinni votlendi og vötn sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Fossar njóta sömu verndar en tekið skal fram að mikið vantar upp á að allir fossar landsins séu sýndir í kortasjá stofnunarinnar. Þá nær framkvæmdasvæðið inn á víðáttumesta, samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum sem nær frá Selárdal í suðri til Hornstranda í norðri (David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason. (2021). Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísi. Rannsóknasetur á Hornafirði. Höfn, október 2021). Náttúrufar svæðisins er lítt þekkt og þarf að kanna m.a. lífríki á landi og í vötnum og jarðfræði þess svæðis sem verður fyrir raski.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur